



Reykjavík, 30. október 2018

R18100260

TRÚNAÐARMÁL

Borgarráð

### Álagningaráhlutfall útsvars tekjuárið 2019

Lagt er til að álagningaráhlutfall útsvars tekjuárið 2019 verði 14,52%.

#### Greinargerð:

Í forsendum fjárhagsáætlunar 2019 og fimm ára áætlunar 2019-2023 er gert ráð fyrir að brúttó útsvarshlutfall verði 14,52% og nettó hlutfall verði 12,76% þegar dregið hefur verið frá 0,77%-stigs framlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga vegna málefna grunnskóla og 0,99%-stigs framlag í Jöfnunarsjóð vegna málefna fatlaðs fólks.


Sundurliðun á útsvarstekjum í m.kr.	2018	2019	2020	2021	2022	2023
Staðgreiðsla	81.200	86.977	91.853	96.833	102.079	107.222
Hlutdeild Jöfnunarsjóðs í staðgreiðslu v. grunnskóla	-4.306	-4.612	-4.871	-5.135	-5.413	-5.686
Hlutdeild Jöfn.sjóðs í staðgr. v. málefna fatlaðs fólks	-5.536	-5.930	-6.263	-6.602	-6.960	-7.311
Eftirá álagt útsvar, skattbr., afskriftir og niðurfærsla	2.444	2.618	2.765	2.915	3.073	3.227
<b>Nettó útsvarstekjur</b>	<b>73.802</b>	<b>79.052</b>	<b>83.484</b>	<b>88.011</b>	<b>92.779</b>	<b>97.452</b>
% breyting milli ára	7,1%	5,6%	5,4%	5,4%	5,0%	

Um 83% af útsvarsstofni Reykjavíkurborgar er til kominn vegna launagreiðslna einstaklinga á vinnu-markaði og um 17% má rekja til annarra greiðslna, s.s. lífeyrisgreiðslna, örorkubóta og atvinnuleysis-bóta. Tvær mikilvægustu forsendur áætlana um útsvarstekjur eru því þróun launa og vinnumagns í Reykjavík. Óvissa þessara forsenda er töluberð m.a. vegna þess að spá um þróun þeirra er ekki birt sérstaklega fyrir Reykjavík. Forsenda um vinnumagn byggist á mati fjármálaskrifstofu þar sem m.a. er horft til fjölgunar íbúa skv. mannfjöldaspá Byggðastofnunar en forsenda um launaþróun byggist á þjóðhagsspá Hagstofu.

Heilstu forserdur, % br. milli ára	2019	2020	2021	2022	2023	Nærmi 2019	m.kr.
Laun	6,0%	4,4%	4,2%	4,2%	4,1%	Laun (+1%-stigs br.)	645
Vinnumagn	1,1%	1,1%	1,1%	1,1%	0,9%	Vinnumagn (+1%-stigs br.)	645

Sé útsvarstofninn skoðaður nokkur ár aftur í tímann má sjá að hann hefur sveiflast talsvert í

gegnum tíðina. Eftirfarandi mynd sýnir hlutfallslega breytingu á útsvarstofninum milli áranna 2005-2023 ásamt spám þar að lútandi m.v. forsendur fjárhagsáætlunar\*. Í fimm ára áætlun er gert ráð fyrir tiltölulega hóflegri aukningu vinnumagns og hækjun launa og að hækjun útsvarstekna verði undir langtíma meðaltali við lok spátímabilssins. Spennuástand á vinnumarkaði leiðir til þess að útsvarstekjur vaxa umfram það sem sjálfbært er til lengri tíma sem gerir það að verkum að þegar til samdráttartímabilss kemur, sbr. þróun fyrir og eftir efnahagshrun, skapast mikil hætta á því að útgjöld fari fram úr tekjum.



\* Leiðrétt hefur verið fyrir áhrifum af lagabreytingum um séreignarsparnað, þ.e. heimild til fyrirframúttektar sem fóll úr gildi 2015, breytingu á hámarksíðgjaldi launhega og skattfrjálsa ráðstöfun inn á húsnæðislán.

Dagur B. Eggerthsson